



Íslenska

Kennari: Hjördís Rut Jónsdóttir/Salóme Svandís Þórhildardóttir

Almennt um kennsluna: Samkv. stundaskrá eru 7 kennslustundir á viku tileinkaðar íslensku, greinin er að auki samtvinnuð inni allar aðrar námsgreinar með ýmsum hætti. Við tileinkum okkur vandað íslenskt mál í öllum samskiptum og einblínum á, að við leik og nám séu gripin tækifæri sem bjóðast við byggja ofaná orðaforða og átta okkur á misjöfnum merkingum orða í rituðu og töluðu máli.

Samkv. aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun. Leitast skal eftir að tengja þessa þætti inni form kennslunnar eins og kostur er.

Námsgögn: Lestrarlandið 2+ Ritrún 1, gagnvirkt og ljósritað efni, listin að lesa og skrifa, skrift 1, sögubókin, sem og náttúra okkar og umhverfi.

Við íslenskukennslu 2.bekkjara er kennslunni skipt upp fjóra flokka námshæfniviðmiða sem að nýtt eru sem þræðir í gegnum kennsluna, aðferðir og námsgögn.

Námshæfniviðmiðin eru flokkuð og útskýrð á eftirfarandi hátt:

Talað mál, hlustun og áhorf

Nemandi:

- Þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði
- Þjálfist í að hlusta á upplestur af ýmsum toga
- Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti átt góð samskipti, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Öðlist meiri málþroska og skýra framsögn
- Þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkinn
- Þjálfist í að hlusta á og fara eftir munnlegum fyrirmælum
- Geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á

Lestur og bókmenntir

Nemandi:

- Þekki algengar orðmyndir
- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið léttan texta með skilningi og unnið með hann
- Geti lesið í hljóði í stuttan tíma í senn, t.d. yndislestur

Víkurskóli

Námsvísir 2.bekkur
2024-2025



- Læri einfaldar vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum, blaðagreinum og fleira.
- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar
- Kynnist hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá
- Geti lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim
- Kynnist hugtökunum söguþráður, sögupersónur og boðskapur
- Geti endursagt sögu í aðalatriðum
- Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá)

Ritun

Nemandi:

- Þjálfari skriftaráttina
- Dragi rétt til stafs
- Vandri skrift og frágangur
- Hafi bil á milli orða
- Þjálfari fín- og grófhreyfingar með fjölbreyttum verkefnum
- Haldi rétt á skriffæri
- Kynnist hástöfum og lágstöfum
- Skrifir orð eða stuttar setningar um ákveðið efni
- Læri að búa til og nota hugarkort
- Kynnist hugtökunum upphaf, miðja og endir
- Geti búið til sögu/myndasögu með einfaldri atburðarás
- Fái margskonar tækifæri til þess að skrifa, semja sögur eða ljóð með eða án aðstoðar

Málfræði

Nemandi:

- Skilji hvað rím er og geti fundið orð sem ríma
- Þekki hugtökin hljóð, bókstafur og setning
- Þekki sérhljóða og samhljóða
- Þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti, eintölu og fleirtölu og kynnist samsettum orðum
- Þekki stafrófsþuluna

Víkurskóli

Námsvísir 2.bekkur
2024-2025



Tekið skal fram við það sem að á undan er getið er verið að horfa til viðmiða. Leitast skal við að aðlaga námið við þarfir hvers og eins nemenda og leggja þeim til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir. Í kennslunni er leitast eftir að hver og einn nemandi fái verkefni sem að hæfir getu hans og þroska og þá horft til sértækra námsörðugleika sem og bráðgerra einstaklinga.

| Námsgrein | Ágúst | September | Október | Nóvember | Desember |
|-------------------------|-------------------------------------|-------------------------------------|------------------------------|------------------------------|--|
| Íslenska / námsefni | Upprifjun á síðasta skólaári | Lestrarlandið | Lestrarlandið/ Ritrún 1 | Rutrún 1 | Ritrún 1 |
| Þulur/ljóð | Daga og Mánadavísan. | Stafrófið | Ýmislegt | Ýmislegt | Tengt jólum. |
| Bókmenntir – samlestur | Ritverk Guðrúnar Helgadóttur | Ritverk Guðrúnar Helgadóttur | Ritverk Guðrúnar Helgadóttur | Ritverk Guðrúnar Helgadóttur | Ýmislegt efni valið af kennara. Hlustun í Grýlubæ. |
| Skrift og ritun | Listin að lesa og skrifa /sögugerð/ | Listin að lesa og skrifa /sögugerð/ | Skrift 1 /sögugerð/ | Skrift 1 /sögugerð/ | Skrift 1 /sögugerð/ |
| Málfræði og stafsetning | Verkefni frá kennara | Verkefni frá kennara | Verkefni frá kennara | Verkefni frá kennara | Jólaverkefni |
| Námsgrein | Janúar | Febrúar | Mars | Apríl | Maí |
| Íslenska/ námsefni | Ritrún 1 | Við lesum B | Við lesum B | Við lesum B | Við lesum B |
| Þulur/ljóð | Ýmisl. tengt þorra | Frá gamla tímanum. | Ýmislegt | Tengt vori | Tengt vori/sumri |
| Bókmenntir - samlestur | Ritverk Guðrúnar Helgadóttur | Ritverk Guðrúnar Helgadóttur | Ritverk Guðrúnar Helgadóttur | Ritverk Guðrúnar Helgadóttur | Ritverk Guðrúnar Helgadóttur |
| Skrift og ritun | Sögugerð/ Skrift 1 | Sögugerð/ Skrift 2 | Sögugerð/ Skrift 2 | Sögugerð/ skrift 2 | Sögugerð/ skrift 2 |
| Málfræði og stafsetning | Verkefni frá kennara | Verkefni frá kennara | Verkefni frá kennara | Verkefni frá kennara | Verkefni frá kennara |